

Söngskrá  
Ættarmót Fellsættarinnar  
15.-17. júlí 2022



## Efnisyfirlit

Þórsmerkurljóð .....	3	Einu sinni á ágústkvöldi .....	10
Ég er kominn heim.....	3	Nú liggur vel á mér.....	10
Ég er kominn heim (í heiðardalinn) .....	4	Og þá stundi Mundi .....	11
Játning .....	4	Í sól og sumaryl.....	11
Kötukvæði .....	4	Ég langömmu á .....	12
Komdu inn í kofann minn.....	5	Fyrr var oft í koti kátt .....	12
Litla flugan.....	5	Bjarnastaðabeljurnar .....	13
Sestu hérna hjá mér ástin mín .....	5	Ef þú giftist mér.....	13
Sagan af Nínu og Geira .....	6	Kanntu brauð að baka .....	13
Vor í Vaglaskógi .....	6	Ég á gamla frænku .....	14
Ég veit þú kemur .....	7	Komdu niður .....	15
Í síðasta skipti .....	7	Í Hlíðarendakoti.....	15
Ó, Jósep, Jósep.....	8	Súrmjólk í hádeginu .....	16
Máninn fullur .....	8	Að lífið sé skjálfandi lítið gras.....	17
Vertu til er vorið kallar á þig.....	8	Tryggðapantanir .....	17
Viltu með mér vaka í nótt.....	8	Draumur um Nínu .....	18
Þytur í laufi.....	8	Rangur maður .....	18
Ó, María mig langar heim.....	9	Týnda kynslóðin .....	19
Fram í heiðanna ró.....	9	Lífið er yndislegt .....	20

## Þórsmerkurljóð

Ennþá geymist það mér í minni,  
María, María,  
hvernig við fundumst í fyrsta sinni,  
María, María.  
Upphaf þess fundar var í þeim dúr,  
að ætluðum bæði í Merkurtúr.  
María, María, María, María, María, María.

Margt skeður stundum í Merkurferðum,  
María, María,  
mest þó ef Bakkus er með í gerðum,  
María, María.  
Brátt sátu flestir kinn við kinn  
og kominn var galsi í mannskapinn.  
María, María, María, María, María, María.

Því er nú eitt sinn þannig varið,  
María, María,  
að árátta kvensamra' er kvennafarið,  
María, María.  
Einhvern veginn svo æxlaðist  
að ég fékk þig í bílnum kysst.  
María, María, María, María, María, María.

Ofarlega mér er í sinni,  
María, María,  
að það var fagurt í Þórsmörkinni,  
María, María.  
Birkíð ilmaði, allt var hljótt  
yfir oss hvelfdist stjörnunótt.  
María, María, María, María, María, María.

Ei við eina fjöl er ég felldur,  
María, María,  
og þú ert víst enginn engill heldur,  
María, María.  
Okkur mun sambúðin endast vel  
úr því að hæfir kjafti skel.  
María, María, María, María, María, María.

Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér,  
María, María,  
síðan ætla' ég að sofa hjá þér,  
María, María.  
Svo örkum við saman vorn æviveg  
er ekki tilveran dásamleg.  
María, María, María, María, María, María.

## Ég er kominn heim

Er völlum grær og vetur flýr  
og vermir sólin grund.  
Kem ég heim og hitti þig,  
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit  
sem brosir móti sól.  
Þar ungu lífi landið mitt  
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,  
sjáðu jökulinn loga.  
Allt er bjart fyrir okkur tveim,  
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig  
sem mér fagnar höndum tveim.  
Ég er kominn heim,  
já, ég er kominn heim.

Sól slær silfri á voga,  
sjáðu jökulinn loga.  
Allt er bjart fyrir okkur tveim,  
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig  
sem mér fagnar höndum tveim.  
Ég er kominn heim,  
já, ég er kominn heim.  
ég er kominn heim.

## Ég er kominn heim (í heiðardalinn)

Hér stóð bær með burstir fjórar,  
hér stóð bær á lágum hól.  
Hér stóð bær, sem bernskuminning  
vefur bjarma af morgunsól.

Hér stóð bær með blóm á þekju,  
hér stóð bær með veðruð þil.  
Hér stóð bær og veggjabrotin  
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,  
ég er kominn heim með slitna skó.  
Kominn heim að heilsa mömmu,  
kominn heim í leit að ró.  
Kominn heim til að hlusta á lækinn  
sem hjalar við mosató.  
Ég er kominn heim í heiðardalinn,  
ég er kominn heim með slitna skó.

Hér stóð bær sem hríðin barði,  
hér stóð bær sem veitti skjól.  
Hér stóð bær sem pabbi byggði  
undir brekku á lágum hól.

Hér stóð bær sem blíðust móðir  
vígði bæn og kærleiksyl.  
Hér stóð bær og veggjabrotin  
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,  
ég er kominn heim með slitna skó.  
Kominn heim að heilsa mömmu,  
kominn heim í leit að ró.  
Kominn heim til að hlusta á lækinn  
sem hjalar við mosató.  
Ég er kominn heim í heiðardalinn,  
ég er kominn heim með slitna skó.

## Játning

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,  
hver dagur, sem ég lifði' í návist þinni.  
Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr  
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,  
er innan stundar lýkur göngu minni.  
Þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,  
hver dagur, sem ég lifði' í návist þinni.

## Kötukvæði

Það var um kvöld eitt að Kötu ég mætti.  
Hún var að koma af engjunum heim.  
Það var í ágúst að áliðnum slætti  
og nærri aldimmnt á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósir.  
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.  
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir  
og augun leiftruðu þögul og kyrr.

Hlýtt ég tók í hönd á Kötu,  
horfði' í augun djúp og blá.  
Gengum síðan burt af götu,  
geymdi okkur náttmyrkrið þá.

En þegar eldaði aftur og birti  
í hjarta ákafan kenndi ég sting.  
Og fyrir augum af angist mig syrti.  
Hún var með einfaldan giftingarhring.

Hún var með einfaldan giftingarhring.

## Komdu inn í kofann minn

Komdu inn í kofann minn,  
er kvölda' og skyggja fer.  
Þig skal aldrei iðra þess  
að eyða nótt hjá mér.  
Við ævintýraeldana  
er ýmislegt að sjá,  
og glaður skal ég gefa þér  
allt gullið, sem ég á,

tíu dúka tyrkneska  
og töfraspjela þrjá,  
nínu skip frá Noregi  
og naut frá Spánía,  
austurlenskan aldingarð  
og íslenskt höfuðból,  
átta gráa gæðinga  
og gylltan burðarstól,

fjaðraveifu fannhvíta  
og franskan silkikjól,  
eyrnahringi, ennisþöng  
og alabasturskrín,  
hundrað föt úr fílabeini  
full með þrúgvín  
og lampann, sem að logaði  
og lýsti Aladdín,

Komdu inn í kofann minn,  
er kvölda' og skyggja fer.  
Alltaf brennur eldurinn  
á arninum hjá mér.  
Ég gleymdi einni gjöfinni  
og gettu hver hún er.  
Ég gleymdi einni gjöfinni,  
ég gleymdi sjálfum mér.

## Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.  
Lítil fjóla grær við skriðufót  
Bláskel liggur brotin milli hleina.  
Í bænum hvílir íturvaxin snót.  
Ef ég væri orðinn lítil fluga,  
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,  
og þó ég ei til annars mætti duga,  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

## Sestu hérna hjá mér ástin mín

Sestu hérna hjá mér, ástin mín,  
horfðu á sólarlagsins roða glóð.  
Særinn ljómar líkt og gullið vín,  
léttar báurur þar kveða þýðan óð.  
Við öldunið og aftan frið  
er yndislegt að hvíla þér við hlið.  
Hve dýrðlegt er í örmum þér  
að una og gleyma sér.

## Sagan af Nínu og Geira

Ef þú vilt bíða eftir mér,  
á ég margt að gefa þér.  
Alla mína kossa ást og trú.  
Engin fær það nema þú.

Nína átti heima á næsta bæ.  
Ég næstum það ekki skilið fæ.  
Hún var eftir mér alveg óð.  
Ég fékk bréf og í því stóð.

Ef þú vilt bíða eftir mér,  
á ég margt að gefa þér.  
Alla mína kossa ást og trú.  
Engin fær það nema þú.

Ég las það og þaut svo strax af stað.  
Mér stóð ekki á sama ég segi það.  
En Nína grét og gekk mér frá.  
Hún gat ei skilið sem ég sagði þá.

Nína góða, gráttu ei.  
Gleymdu mér ég segi nei.  
Þú ert enn of ung góða mín.  
Og ég get alls ekki beðið þín.

Til Reykjavíkur lá mín leið.  
Langan tíma þar ég beið.  
Ég alltaf reyndi en illa gekk.  
Að gleyma bréfinu sem ég fékk.

Ef þú vilt bíða eftir mér  
á ég margt að gefa þér.  
Alla mína kossa ást og trú.  
Engin fær það nema þú.

Ég vissi að aldrei fengi ég frið.  
Fyrr en Nínu ég sættist við.  
Hugurinn stöðugt hjá henni er.  
Hún skal víst fá að giftast mér.

Ég ók í skyndi upp í sveit.  
Æskustöðvarnar mínar leit.  
En Nína leit mig ekki á.  
Ég enn ei skil það sem hún sagði þá.

Geiri elskan, gráttu ei.  
Gleymdu mér, ég segi nei.  
Þú vildir mig ekki veslings flón.  
Því varð ég að eiga hann vin þinn Jón.

## Vor í Vaglaskógi

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.  
Við skulum tjalda í grænum berjamó.  
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær.  
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum,  
lokkum og angandi rós um  
leikur í ljósum, (leikur í ljósum)  
lokkum hinn fagnandi blær.

Dagperlur glitra um dalinn færast ró  
draumar þess rætast sem gistir Vaglaskóg.  
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.  
Kyrrðin er friðandi mild og angurvær.

Leikur í ljósum,  
lokkum og angandi rósum  
leikur í ljósum, (leikur í ljósum)  
lokkum hinn þaggandi blær.

Leikur í ljósum,  
lokkum og angandi rósum  
leikur í ljósum, (leikur í ljósum)  
lokkum hinn þaggandi blær.

## Ég veit þú kemur

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
þó kveðjan væri stutt í gær,  
ég trúi ekki á orðin þín  
ef annað segja stjörnur tvær.

Og þá mun allt verða eins og var,  
sko, áður en þú veist, þú veist,  
og þetta eina sem út af bar  
okkar á milli í friði leyst.

Og seinna þegar tunglið  
hefur tölt um langan veg,  
þá tölum við um drauminn  
sem við elskum þú og ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
þó kveðjan væri stutt í gær,  
ég trúi ekki á orðin þín  
ef annað segja stjörnur tvær.  
ef annað segja stjörnur tvær.

## Í síðasta skipti

Ég man það svo vel  
Manstu það hvernig ég sveiflaði þér  
Fram og tilbaka í örmunum á mér  
Ég man það, ég man það svo vel

Því þessar minningar, minningar kvelja mig,  
kvelja mig  
Gerðu það, leyf mér að leiða þig

Í síðasta skipti  
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa  
Sýndu mér aftur hvað er að elska  
Og o-o-o-o  
Segðu mér  
Að þú finnur ekkert og enga neista  
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu  
heitast  
Þá rata ég út

Ég man það svo vel  
Manstu það hvernig þú söngst alltaf með  
Hver einasta bílferð sem tónleikar með þér  
Ég man það, ég man það svo vel

Því þessar minningar, minningar kvelja mig,  
kvelja mig  
Gerðu það, leyf mér að leiða þig

Í síðasta skipti  
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa  
Sýndu mér aftur hvað er að elska  
Og o-o-o-o  
Segðu mér  
Að þú finnur ekkert og enga neista  
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu  
heitast

Í síðasta skipti  
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa ooo  
Sýndu mér aftur hvað er að elska  
Og o-o-o-o  
Segðu mér  
Að þú finnur ekkert og enga neista  
Og slokknað í þeim glóðum sem brunnu  
heitast  
Þá rata ég út

## Ó, Jósep, Jósep

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða  
og bráðum hvarma mína fylla tár,  
því fyrr en varir æskuárin líða  
og ellin kemur með sín gráu hár.  
Ég spyr þig, Jósep, hvar er karlmannslundin  
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.  
Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, Jósep, Jósep, láttu bílinn bruna  
og byrjaðu sem fyrst að trukka mig.  
Við keyrum út í græna náttúruna,  
sem gerir viðkvæm bæði mig og þig.  
Ó, Jósep, Jósep, hvar er karlmannslundin  
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.  
Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

## Máninn fullur

Máninn fullur fer um geiminn  
fagrar langar nætur.  
Er hann kannski að hæða heiminn  
hrjáðan sér við fætur?  
Fullur oft hann er,  
það er ekki fallegt,  
ónei það er ljótt  
að flækjast hér og flakka þar  
á fyllerýi um nætur.

## Vertu til er vorið kallar á þig

Vertu til, er vorið kallar á þig,  
vertu til að leggja hönd á plóg.

Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

## Viltu með mér vaka í nótt

Viltu með mér vaka' í nótt?  
Vaka' á meðan húmið hljótt  
leggst um lönd og sæ,  
lifnar fjör í bæ?  
Viltu með mér vaka' í nótt?

Vina mín kær,  
vonglaða mær,  
ætíð ann ég þér.  
Ást þína veittu mér  
aðeins þessa einu nótt.

## Þytur í laufi

Þytur í laufi bálið brennur.  
Blærinn hvíslar: "Sofðu rótt."  
Hljóður í hafi röðull rennur,  
roðnar og býður góða nótt.

Vaka þá ennþá vinir saman  
varðeldi hjá í fögrum dal.  
Lífið er söngur, glaumur gaman.  
Gleðin, hún býr í fjallasal.



## Ó, María mig langar heim

Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár  
og sjómennsku kunni hann upp á hár,  
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar  
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar  
hann heillaði þar allar stúlkurnar  
en aldrei hann meyjarnar augum leit  
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið  
til hennar sem sat þar og beið og beið  
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf  
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

En fleyið þar hann aldrei heim  
að fjarðarströnd.  
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.  
En María bíður og bíður enn  
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

## Fram í heiðanna ró

Fram í heiðanna ró  
fann ég bólstað og bjó,  
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.  
Þar er vistin mér góð,  
aldrei heyrðist þar hnjóð,  
Þar er himinninn víður og tær.

Heiðarból ég bý.  
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.  
Þar er vistin mér góð,  
aldrei heyrðist þar hnjóð,  
Þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,  
upp í stjarnanna fjöld  
hef ég starað í spyrjandi þrá:  
Mundi dýrðin í geim  
bera' af dásemdum þeim,  
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarból ég bý.  
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.  
Þar er vistin mér góð,  
aldrei heyrðist þar hnjóð,  
Þar er himinninn víður og tær.  
Þar er himinninn víður og tær.

Þetta loft er svo tært,  
finnið þytmjúkan þey,  
hve hann þyrlar upp angan úr mó.  
Nei ég vildi ekki borg  
né blikandi torg  
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarból ég bý.  
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.  
Þar er vistin mér góð,  
aldrei heyrðist þar hnjóð,  
Þar er himinninn víður og tær.  
Þar er himinninn víður og tær.

## Einu sinni á ágústkvöldi

Einu sinni' á ágústkvöldi  
austur í Þingvallasveit  
gerðist í dulitlu dragi  
dulítið sem enginn veit,

nema við og nokkrir þrestir  
og kjarrið græna inni Bolabás  
og Ármannsfellið fagurblátt  
og fannir Skjaldbreiðar  
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.

Þó að æviárin hverfi  
út á tímans gráa rökkurveg,  
við saman munum geyma þetta  
ljúfa leyndarmál,  
landið okkar góða þú og ég.

Þó að æviárin hverfi  
út á tímans gráa rökkurveg,  
við saman munum geyma þetta  
ljúfa leyndarmál,  
landið okkar góða þú og ég.

## Nú liggur vel á mér

Stína var lítil stúlka í sveit,  
stækkaði óðum blómleg og heit.  
Hún fór að vinna, varð margt að gera,  
lærði að spinna, látum það vera.  
Svo var hún úti sumar og haust,  
svona var lífið strit endalaust.  
Samt gat hún Stína söngvana sína  
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér,  
nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.  
Nú liggur vel á mér,  
nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.

Gaman fannst Sínu' að glettast við pilt,  
gaf hún þeim auga, var oftast stillt.  
Svo sá hún Stjana, það vakti þrána,  
hann kom á Grána út yfir ána.  
Sæl var hún Stína saklaus og hraust,  
svo fór hann burtu koldimmt um haust,  
samt gat hún Stína söngvana sína  
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér,  
nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.  
Nú liggur vel á mér,  
nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.

Nú er hún Stína gömul og grá,  
getur þó skemmt sér dansleikjum á,  
situr hún róleg, horfir á hina  
hreyfast í takt við dansmúsíkina.  
Alltaf er Stína ánægð og hraust,  
aldrei finnst henni neitt tilgangslaust.  
Enn getur Stína söngvana sína  
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér,  
nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.  
Nú liggur vel á mér,  
nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.

## Og þá stundi Mundi

Hann Mundi á sjóinn í fyrsta sinn fór á fjórtánda árinu, lítill og mjór. Og það sem hann dró hirti húsbóndi hans og hét því að koma' honum þannig til manns.

Og þá stundi Mundi:  
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!  
Ég þoli ekki lengur  
að þvælast á sjó.“

Hjá Munda var lítið um leik eða hvíld. Hann lenti eftir fermingu norður á síld og síðan á línu og síðan á net og síðan á línu og aftur á net.

Og þá stundi Mundi:  
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!  
Ég þoli ekki lengur  
að þvælast á sjó.“

Og æska hans leið, og hann vann og hann vann,  
því vinnan hún „göfgar og bætir  
hvern mann.“  
En lítið var það sem úr býtum hann bar,  
því bláblönk að jafnaði útgerðin var.

Og þá stundi Mundi:  
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!  
Ég þoli ekki lengur  
að þvælast á sjó.“

Hann varð af því hokinn, hann varð af því grár  
að velkjast á togurum þrjátíu ár.  
Í stórsjó og ágjöf hann stóð sína plikt  
með sting fyrir brjósti og króníska gigt.

Og þá stundi Mundi:  
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!  
Ég þoli ekki lengur  
að þvælast á sjó.“

Í hífingu eitt sinn hann hentist á vír,  
og hurfu þar fingur hans tveir eða þrír.  
Í annað sinn bobbing hann oná sig fékk,  
og eftir það haltur og skakkur hann gekk.

Og þá stundi Mundi:  
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!  
Ég þoli ekki lengur  
að þvælast á sjó.“

Til fimmtugs hann þraukaði, en þá fékk hann slag,  
og það gerðist einmitt á sjómannadag.  
Og sungið var þá eins og sungið er enn um særokna, vindbarða Hrafnistumenn.

Og þá stundi Mundi:  
„Þetta er nóg! Þetta er nóg!  
Ég þoli ekki lengur  
að þvælast á sjó.“

## Í sól og sumaryl

Í sól og sumaryl ég sat einn fagan dag.  
Í sól og sumaryl ég samdi þetta lag  
fuglarnir sungu og lítil falleg hjón  
flugu um loftin blá, hve það var  
fögur sjón.  
Í sól og sumaryl, sér léku lítil börn,  
ljúft, við litla tjörn.

Í sól og sumaryl, ég sat og horfði á  
hreykna þrastarmóður mata unga  
sína smá.  
Faðirinn stoltur hann stóð þar spertur hjá  
og fagurt söng svo fyllti hjartað frið.  
Í sól og sumaryl, sér léku lítil börn,  
ljúft, við litla tjörn.

Í sól og sumaryl ég samdi þetta lag,  
hve fagurt var þann dag.

## Ég langömmu á

Ég langömmu á, sem að létt er í lund,  
hún leikur á gítar hverja einustu stund.  
Í sorg og í gleði hún syngur sitt lag,  
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.

Eitt kvöldið er kviknað í húsinu var  
og brunaliðsbíllinn kom æðandi þar  
og eldurinn logaði' um glugga og göng  
sat sú gamla' uppá þaki og spilaði' og söng.

Með Súðinni var hún, er sigldi' hún í strand,  
með síðasta skipsbátun komst hún í land.  
Í svellandi brimi var sjóleiðin löng  
en í skutnum sat amma og spilaði og söng.

Eitt haustið hún gat ekki húsnaðið greitt.  
Hún varð því að flytja, það fannst  
mörgum leitt.  
Hún sat uppá bílnum þótt leið væri löng  
og látlaust hún spilaði' á gítar og söng.

Með kassabíl austur hún keyrði eitt sinn.  
Úr Kömbunum valt oní urð bifreiðin.  
Þar enduðu bílstjórans æfingar göng  
en amma slapp lifandi' og spilaði' og söng.

En nú er hún amma mín horfin á braut,  
hún er nú losnuð frá sorgum og þraut.  
Ég gekk eitt sinn þangað sem greftruð  
hún var,  
frá gröfinni ómaði gítarsins lag.

## Fyrr var oft í koti kátt (Í Skólavörðuholtið hátt)

Fyrr var oft í koti kátt  
krakkar léku saman.  
Þar var löngum hlegið hátt,  
hent að mörgu gaman.  
Úti' um stéttar urðu þar  
einatt skrytnar sögur  
þegar saman safnast var  
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá  
oft á milli bæja  
til að kankast eitthvað á  
eða til að hlæja.  
Margt eitt kvöld og margan dag  
máttum við í næði  
æfa saman eitthvert lag  
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,  
Hlíðar brekkum undir,  
er svo margt að minnast á  
margar glaðar stundir.  
Því vill hvarfla hugurinn,  
heillavinir góðir,  
heim í gamla hópinn minn,  
heim á fornar slóðir.

## Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar  
þær baula mikið núna.  
Þær eru að verða vitlausar,  
það vantar eina kúna.  
Það gerir ekkert til,  
það gerir ekkert til,  
hún kemur um miðaftansbil.

## Ef þú giftist mér

Ég skal gefa þér blómin blá,  
og boltann minn skaltu líka fá,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal kaupa þér kökusnúð  
með kardimommum og sykruhúð,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í tá  
og góða skó til að dansa á,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt  
að aldrei þurfi að kynda neitt,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög  
og leika undir á stóra sög,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,  
svo finni þig ekkert pólití,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal kenna þér kátan dans  
og kyssa þig síðan með elegans,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

## Kanntu brauð að baka

Kanntu brauð að baka? Já, það kann ég!  
Svo úr því verði kaka? Já, það kann ég!  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu mat að sjóða? Já, það kann ég!  
Og gestum heim að bjóða? Já, það kann ég!  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu ber að tína? Já, það kann ég!  
Og stoppa í sokka mína? Já, það kann ég!  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að sjóða fiskinn? Já, það kann ég!  
Og færa hann upp á diskinn? Já, það kann ég!  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að vagga barni? Já, það kann ég!  
Og þrjóna sokka úr garni? Já, það kann ég!  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Sérðu, hér er hringur? Já, það sé ég!  
Ég dreg hann á þinn fingur... Já, það vil ég!  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Prestinn mun ég panta... Já, það vil ég!  
Því hann má ei vanta... Nei, það skil ég...  
Ertu nú alveg viss um? Já, það er ég!  
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

## Ég á gamla frænku

Ég á gamla frænku  
sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast fjöðrin  
og fjöðrin sveiflast svo.  
Og svo sveiflast fjöðrin  
og fjöðrin sveiflast svo.

Ég á gamla frænku  
sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast hatturinn  
og hatturinn sveiflast svo.  
Og svo sveiflast hatturinn  
og hatturinn sveiflast svo.

Ég á gamla frænku  
sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast sjalið  
og sjalið sveiflast svo.  
Og svo sveiflast sjalið  
og sjalið sveiflast svo.

Ég á gamla frænku  
sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast karfan  
og karfan sveiflast svo.  
Og svo sveiflast karfan  
og karfan sveiflast svo.

Ég á gamla frænku  
sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast pilsíð  
og pilsíð sveiflast svo.  
Og svo sveiflast pilsíð  
og pilsíð sveiflast svo.

Ég á gamla frænku  
sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á torg.

Og svo sveiflast frænkan  
og frænkan sveiflast svo.  
Og svo sveiflast frænkan  
og frænkan sveiflast svo.

## Komdu niður

Þegar ég var lítil var ég voða feimin oft  
og væri einhver ókunnugur skaust ég upp á loft.  
En ef að ég var úti, þegar gest að garði bar,  
ég geystist upp á hlöðuburst og settist niður þar.

Komdu niður, kvað hún amma.  
Komdu niður, sögðu pabbi' og mamma.  
:: Komdu niður, komdu niður.  
Komdu niður, sungu öll í kór. ::

Svo stækkaði ég meira og þá varð ég voða kát  
og veslings pabba' og mömmu  
oft ég setti hreint í mát.  
Ég klífraði og hentist yfir hvað sem fyrir var,  
ég hoppaði' upp á skólabak og settist niður þar.

Komdu niður, kvað hún amma.  
Komdu niður, sögðu pabbi' og mamma.  
:: Komdu niður, komdu niður.  
Komdu niður, sungu öll í kór. ::

En seinna verð ég stærri og það verður gaman þá  
og víst er það að margt þið fáíð þá til mín að sjá,  
þá ætla ég nú upp í tunglið strax að fá mér far  
að finna karlinn skrítna, sem að á víst heima þar.

Komdu niður, kvað hún amma.  
Komdu niður, sögðu pabbi' og mamma.  
:: Komdu niður, komdu niður.  
Komdu niður, sungu öll í kór. ::

## Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt,  
krakkar léku saman.  
Þar var löngum hlegið hátt  
hent að mörgu gaman.  
Úti um stéttar urðu þar  
einatt skrítnar sögur.  
Þegar saman safnast var  
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá  
oft á milli bæja.  
Til að kankast eithvað á  
eða til að hlæja.  
Margt eitt kvöld og margan dag  
máttum við í næði.  
Æfa saman eitthvert lag  
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,  
Hlíðar brekku undir.  
Er svo margt að minnast á,  
margar glaðar stundir.  
Því vill hvarfla hugurinn,  
heillavinir góðir.  
Heim í gamla hópinn minn,  
heim á fornar slóðir.

## Súrmjólk í hádeginu

Ég er bara 5 ára og kenna á því fæ  
klukkan 7 á morgnana er mér dröslað niðr'í bæ  
enginn tekur eftir því þó heyrir lítil kvein  
því mamma er að vinna en er orðin allt of sein

Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin  
mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er.  
Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin  
og mamma er svo stressuð en þó mest á sjálfri sér.

Svo inn á dagskólann mér dröslað er í flýti  
mig sárverkjar í handleggina eftir mömmu tog.  
Enn þá drottinn dagmamman með ótal andlitslýti  
það er eins og hún hafi fengið hátt í hundrað þúsund flog.

Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin  
mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er.  
Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin  
eitt er víst að pabbi minn hann ræður öllu hér.

Bráðum verð ég 6 ára en það er 1. maí  
daginn þann ég dröslast aleinn niðr'í bæ  
enginn tekur eftir því þó ég hangi þarna einn  
gamli er með launakröfu en er orðinn alltof seinn.

Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin  
mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er.  
Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin  
eitt er víst að pabbi minn hann ræður öllu hér.



## Að lífið sé skjálfandi lítið gras

Að lífið sé skjálfandi lítið gras,  
má lesa í kvæði' eftir Matthías,  
en allir vita, hver örlög fær  
sú urt, sem hvergi í vætu nær.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svolítið "hífaður".

Það sæmir mér ekki sem Íslending  
að efast um þjóðskáldsins staðhæfing,  
en skrælna úr þurrki ég víst ei vil  
og vökva því lífsblómið af og til.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svolítið "hífaður".

Nú þekkist sú skoðun og þykir fín,  
að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín,  
menn eigi að lifa hér ósköp trist  
og öðlast í himninum sæluvist.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svolítið "hífaður".

En ég verð að telja það tryggara  
að taka út forskot á sæluna,  
því fyrir því gefst engin "garantí"  
að hjá guði ég komist á fyllirí.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svolítið "hífaður".

## Tryggðapantanir

Komdu og skoðaðu í kistuna mína!  
Í kössum og handröðum á ég þar nóg,  
sem mér hafa gefið í minningu sína  
meyjarnar allar, sem brugðust mér þó.  
Í handröðum þessum ég hitt og þetta á,  
sem heldur en ekki er fróðlegt að sjá.

Rósaklút þennan hún Guðrún mín gaf mér.  
Það gekk allt í spaugi í rökkriinu þá.  
Seinna dró gleðina og gamanið af mér.  
Ég grét eins og krakki, þá hana ég sá  
vefja að sér beykirinn. Þörf var mér þá  
að þurrka af mér skælurnar klútgreyinu á.

Þarna hef ég undur af öðru eins, maður!  
Önnum og Gunnum og Kristínum frá.  
Það er til vonar, ég væri ekki glaður,  
en ég verð aldrei hnugginn, og það muntu sjá,  
að enn hafa stúlkurnar mætur á mér,  
mun ég þó fyrst um sinn trúna þeim ver.

## Draumur um Nínu

Núna ertu hjá mér, Nína..  
Strýkur mér um vangann, Nína.  
Ó, halt'í höndina á mér, Nína.  
Því þú veist að ég mun aldrei aftur.  
Ég mun aldrei, aldrei aftur.  
Aldrei aftur eiga stund með þér.

Það er sárt að sakna einhvers.  
Lífið heldur áfram - til hvers?  
Ég vil ekki vakna, frá þér.  
Því ég veit að þú munt aldrei aftur.  
Þú munt aldrei, aldrei aftur.  
Aldrei aftur strjúka vanga minn.

Þegar þú í draumum mínum birtist  
allt er ljúft og gott.  
Og ég vild'ég gæti sofið  
heila öld.  
Því að nóttin veitir aðeins  
skamma stund með þér.  
Er ég vakna...  
Nína, þú ert ekki lengur hér.  
Opna augun...  
Engin strýkur blítt um vanga mér.

Dagurinn er eilífd án þín.  
Kvöldið kalt og tómlegt án þín.  
Er nóttin kemur fer ég til þín.

Þegar þú í draumum mínum birtist  
allt er ljúft og gott.  
Og ég vild'ég gæti sofið  
heila öld.  
Því að nóttin veitir aðeins  
skamma stund með þér.  
Er ég vakna...  
Nína, þú ert ekki lengur hér.  
Opna augun...  
Engin strýkur blítt um vanga mér.

Er ég vakna - Oh  
Nína, þú ert ekki lengur hér.  
Opna augun.  
Engin strýkur blítt um vanga mér.

## Rangur maður

Af hverju get ég ekki  
lifað eðlilegu lífi

Af hverju get ég ekki  
lifað business lífi  
keypt mér húsbíl og íbúð

Af hverju get ég ekki  
gengið menntavegin  
þangað til að ég æli

Af hverju get ég ekki  
gert neitt af viti  
af hverju fæddist ég loser, jé,jé,jé.

Ég er rangur maður á röngum tíma  
í vitlausu húsi.  
Ég er rangur maður á röngum tíma  
í vitlausu húsi, jé,jé,jé.

(millispil)

Af hverju er lífið svona ömurlegt  
ætli það sé skárra í Zimbabwe

Af hverju var ég fullur á virkum degi  
af hverju mætti ég ekki í tíma

Af hverju get ég ekki  
byrjað í íþróttum  
og hlaupið um eins og asni

Af hverju get ég ekki  
verið jafn hamingjusamur  
og Sigga og Grétar í Stjórninni, jé,jé,jé.

Ég er rangur maður á röngum tíma  
í vitlausu húsi.  
Ég er rangur maður á röngum tíma  
í vitlausu húsi.

Ég er rangur maður á röngum tíma  
í vitlausu húsi.  
Ég er rangur maður á röngum tíma  
í vitlausu húsi, jé,jé,jé.

## Týnda kynslóðin

Pabbi minn kallakókið sýpur  
hann er með eyrnalokk og strípur  
og er að fara á ball, hann er að fara á ball.

Mamma beyglar alltaf munninn  
Þegar hún maskarar augun  
og er að fara á ball, hún er að fara á ball.

Blandaðu mér í glas segir hún  
út um neðra munnvikið.  
Ekki mikið kók, ekki mikinn ís,  
réttu mér kveikjarann.  
Barnapían er með blásið hár  
og pabbi yngist upp um  
átján ár á nóinu.  
Drífdú þig nú svo við missum  
ekki af Gunnari og sjóinu.

Pabbi minn setur Stones á fóninn  
fæst ekki um gömlu partýtjónin,  
hann er að fara á ball, hann er að fara á ball.

Nú skal honkí tonkið spilað  
þó svo að mónóið sé bilað,  
hann er að fara á ball, hann er að fara á ball.

Manstu eftir Jan og Kjell,  
segir hann eftir gítarsólóið.  
Manstu eftir John,  
manstu eftir Paul,  
réttu mér albúmið.  
Þá var pabbi sko með heví hár  
en síðan hafa liðið  
hundrað ár á nóinu.  
Drífdú þig nú svo við  
missum ekki af matnum og sjóinu

Það er alltaf sama stressið  
sú gamla er enn að víkka dressið  
og er að fara á ball, hún er að fara á ball.

Mamma beyglar alltaf munninn  
Þegar hún maskarar augun  
og er að fara á ball, hún er að fara á ball.

Blandaðu mér í glas segir hún  
út um neðra munnvikið.  
Ekki mikið kók, ekki mikinn ís,  
réttu mér kveikjarann.  
Barnapían er með blásið hár  
og pabbi yngist upp um  
átján ár á nóinu.  
Hringdu á bíl svo við missum  
ekki af borðinu og sjóinu.

Mamma beyglar alltaf munninn  
Mamma beyglar alltaf munninn  
Mamma beyglar alltaf munninn  
Hún er að fara á ball, hún er að fara á ball.

## Lífið er yndislegt

Á þessu ferðalagi fylgjumst við að.  
Við eigum örlítinn vonarneista fyrir hvort annað.  
Í ljósu mánaskini vel ég mér stund og segi:  
Ég myndi klífa hæstu hæðir fyrir þig.  
Ég væri ekkert án þín, myrkrið hverfur því að...

Lífið er yndislegt, sjáðu,  
það er rétt að byrja hér.  
Lífið er yndislegt með þér.

Blikandi stjörnur skína himninum á.  
Hún svarar, ég trúi varla því sem augu mín sjá  
og segir ég gef þér hjarta mitt þá skilyrðislaust  
Ég veit að þú myndir klífa hæstu hæðir fyrir mig  
Ég væri ekkert án þín, myrkrið hverfur því að...

Lífið er yndislegt, sjáðu,  
það er rétt að byrja hér.  
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,  
það er rétt að byrja hér.  
Lífið er yndislegt með þér.

Nóttin hún færir nær, hér við eigum að vera.  
núna ekkert okkur stöðvað fær  
undir stjörnusalnum, inní herjólfsdalnum.

Lífið er yndislegt, sjáðu,  
það er rétt að byrja hér.  
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,  
það er rétt að byrja hér.  
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,  
það er rétt að byrja hér.  
Lífið er yndislegt með þér.